

Ársskýrsla Trans Íslands 2020-2021

Þetta ár hjá okkur er búið að vera undarlegt hjá Trans Íslandi eins og hjá mörgum. En þó svo að COVID hafi sett strik í reikninginn þá hefur félagið svo sannarlega ekki setið auðum höndum. Á árinu höfum við lagt í útgáfuvinnu og verkefni sem við vonumst til að verði að veruleika á nýju ári. Af sökum COVID hafa viðburðir verið af skornum skammti, en við vonumst til þess að hægt sé að halda fleiri slíka á komandi ári.

Viðburðir

Á starfsárinu hélt félagið einn útiviðburð þar sem félagsfólki var boðið að koma og spila frisbígolf með Kolbrúnu Mist Pálsdóttur, félagskonu Trans Íslands og Íslandsmeistara kvenna í frisbígolfi. Viðburðinn var vel sóttur og sá einu sem okkur tókst að halda af sökum sóttvarna og fjöldatakmarkana.

Félagið hélt tvo viðburði á Kynjaþingi 2020 í nóvember, annarsvegar viðburð þar sem félög úr öllum áttum komu saman til að ræða mikilvægi samvinnununar og að trans fólk sé hluti af þeirra starfi. Ugly Stefanía stjórnaði umræðum á milli Ellen Calmon frá Kvenréttindafélaginu, Emblu Guðrúnar Ágústsdóttur frá Tabú, Nichole Leigh Mosty frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Jennýju Kristínu Valberg frá Kvennaathvarfinu, Töru Margréti Vilhjálmisdóttur frá Samtökum um Líkamsvirðingu og Þorbjörgu Þorvaldsdóttir frá Samtökunum '78.

Þar að auki tók Ugly Stefanía þátt í viðburði þar sem Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði í Háskóla Íslands stjórnaði umræðum á milli hennar og Hönnu Katrínar Friðriksson, þingkonu Viðreisnar, um mikilvægi þess að styðja við réttindabaráttu trans fólks og hinsegin fólks almennt.

Félagið hélt einnig minningardag trans fólks hátíðlegan 20. nóvember í gegnum zoom, sem heppnaðist vel. Dóra Björt Guðjónsdóttir frá Reykjavíkurborg kom og hélt erindi ásamt ávarpi frá stjórn og reynslusögum úr trans samfélaginu.

Styrkir og verkefni

Rétt fyrir stjórnarskipti 2020 fékk Trans Ísland styrk frá Minningarsjóði Gunnars Thoroddsen fyrir starf félagsins í þágu mannréttinda. Styrkurinn mun að hluta til vera nýttur í söguverkefni til að kanna sögu trans fólks á Íslandi. Verkefnið er hafið og er rannsakandi að safna saman efni til að fjalla um, sem mun svo verða þróað í hlaðvarp þar sem farið verður yfir sögu trans fólks á Íslandi.

Félagið hlaut styrk frá Lýðheilsusjóð 2019 sem er verið að nota til útgáfu fræðsluefnis um heilbrigðisþjónustu fyrir trans fólk á Íslandi. Hrafn Sævarsson hefur verið fenginn til verksins og býst við að skila verkinu af sér á þessu ári.

Félagið hlaut einnig styrk frá Mannréttindasjóð Reykjavíkurborgar til að útbúa bækling fyrir fjölmiðla um hvernig er best að fjalla um trans málefni á virðingarverðan hátt. Elín Esther Magnúsdóttir og Ugly Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir munu hanna og skrifa bæklinginn sem ætti að vera til á næstu mánuðum.

Í janúar 2021 setti Trans Íslands á fót Blæ - Kyn- og nafnabreytingarsjóð Trans Íslands. Sjóðurinn er ætlaður trans fólki sem hefur ekki efni á að borga fyrir kyn- og nafnabreytingar hjá Þjóðskrá Íslands. Það hefur verið vel tekið í verkefnið og hefur hópur trans fólks nú þegar nýtt sér sjóðinn og býst stjórn við því að hann muni halda áfram að vera notaður. Sjóðurinn mun verða til staðar þar til gjald til kyn- og nafnabreytinga verður lagt niður, en frumvarp er komið í ferli á Alþingi til þess. Trans Ísland vill færa sérstakar þakkir til stjórnar Hinsegin daga, sem veittu félaginu veglegan styrk til að halda sjóðnum gangandi.

Kynrænt sjálfræði

Á árinu tóku gildi ýmsar breytingar sem voru samþykktar með lögum um kynrænt sjálfræði, og má þar nefna kynhlutlausu kyn- og nafnaskráningu, sem tók gildi í janúar 2021. ^[LITIL]_[SEPISEPI] Þar að auki tóku löginn nokkrum breytingum, þar sem aldurstakmark til að breyta um kyn og nafn í Þjóðskrá var fært niður frá 18 ára niður í 15 ára. Einnig voru bönnuð nær öll inngrip í líkama intersex barna og urðu sömuleiðis orðabreytingar á nokkrum lögum til að taka tillit til trans fólks og laga um kynrænt sjálfræði. Félagið sendi inn umsagnir og mætti á fund til alsherjar- og menntamálanefndar um málin.

Fundir

Stjórn félagsins hefur sótt ýmsa fundi á árinu, en þar má helst nefna fundi með trans teymi Landspítala, transteymi Barna- og unglingadeildar Landspítala (BUGL) og fundi með verkefnahóp um transteymi Landspítala þar sem rædd hefur verið sú þjónusta sem trans fólki stendur til boða á Íslandi. Stjórn félagsins hefur komið á framfæri þeim vandamálum sem trans fólk hefur staðið frammi fyrir þegar það sækir sér þjónustu, meðal annars lélegt aðgengi að sálfræðiþjónustu, löngum biðtíma eftir þjónustu og óskýru regluverki.

Félagið hefur einnig beitt sér fyrir að aftur verði komið á fót teymi til að sinna trans börnum og unglingum á BUGL, en ekki hefur verið starfrækt teymi síðan í ársbyrjun 2020.

Að lokum

Stjórnin þakkar öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg á árinu og vonumst til þess að nýtt ár muni verða viðburðarríkt. Við viljum einnig þakka stjórninni sem sat þetta árið fyrir starf sitt í þágu trans samfélagsins.